

Sp.

857. Þingsályktun

[58. mál]

um skipulag vöruflutninga og jöfnun flutningskostnaðar.

(Afgreidd frá Sp. 5. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á vöruflutningum landsmanna og gera tillögur um bætt skipan þeirra.

Stefna ber að því að gera flutningakerfið sem hagkvæmast og hraðvirkast án óhæfilegs tilkostnaðar. Leita skal leiða til jöfnunar á flutningskostnaði, svo að allir landsmenn sitji við sama borð í þeim eignum, eftir því sem við verður komið.